Greiningardeild ▪ greining@arionbanki.is ▪ arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- ECB lækkar vexti – vísbending um það sem koma skal?

ECB lækkar vexti – vísbending um það sem koma skal?

Ákvörðun seðlabanka Evrópu um að lækka stýrivexti um 25 punkta í gær kom mörgum á óvart. ECB byggir ákvörðun sína á hagvaxtarhorfum innan Evrópu en svo virðist sem útlitið sé orðið nokkuð svart og búast hagfræðingar á evrusvæðinu jafnvel við enn meiri lækkun vaxta fyrir áramót. Ákvörðun ECB er talin endurspegla áhyggjur þarlendra stjórnvalda um skuldakreppu evrulandanna. Danski seðlabankinn lækkaði sömuleiðis vexti (35 punkta) og eru þeir í fyrsta skipti undir vöxtum evrópskra kollega sinna. Vaxtalækkun þarlendis á að styðja við hagkerfið en sem stendur er von á daufum hagvexti í Danmörku á næsta ári.

Er frávikksspáin meira lýsandi fyrir framhaldið?

Aðeins tveir dagar eru síðan Seðlabanki Íslands birti nýja hagspá í Peningamálum og tilkynnti um 25 punkta vaxtahækkun. Þar kemur m.a. fram mjög áhugaverð frávikksspá sem sýnir möguleg áhrif af samdrætti í helstu efnahagskerfum heimsins á framleiðsluspennu og verðbólgu á Íslandi. Aðalspá Seðlabankans gerir ráð fyrir að verðbólga verði ekki komin nærri markmiði fyrr en í byrjun árs 2014, en samkvæmt frávikksspánni gæti verðbólga komist á markmið talsvert fyrr. Svo virðist sem Seðlabanki Íslands hafi, líkt og aðrir greiningaraðilar, ekki búist við lækkun vaxta í Evrópu, því grunnspá bankans er að mörgu leyti frábrugðin frávikksspánni. Frávikksspáin tekur nefnilega mið af forsendum sem eru keimlíkar mögulegri þróun mála á næstu misserum í Evrópu, en þær forsendur voru heldur betur styrktar í kjölfar yfirlýsingu ECB í gær.



Í frávikksspánni kemur fram að verðbólga verði komin nærri 2,5% markmiði strax á næsta ári. Helstu forsendur í frávikksspánni gera ráð fyrir að alþjóðaviðskipti minnki en að samdráttur verði þó minni en árið 2009. Þetta er í takt við áhyggjur ECB um að evrópska hagkerfið muni ekki rétta úr kútnum á næstunni. Þá gerir spáin ráð fyrir að viðskiptakjör verði talsvert óhagstæðari en í grunnspá seðlabankans þar sem álverð og verðlag sjávarafurða gætu gefið talsvert eftir. Á móti kemur þó lækkun á hrávöru- og olíuverði, sem myndi draga úr verðbólgu. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að óróleiki á alþjóðlegum fjármálamörkuðum gæti haft áhrif á áhættuálag og að ekki verði af álveri í Helguvík á spátímabilinu. Þetta myndi leiða til þess að framleiðsluspenna yrði talsvert minni en grunnspá seðlabankans gerir ráð fyrir, sem myndi því draga úr hækkun verðbólgu. Allt eru þetta þættir sem færa má sterk rök fyrir að verði ofan á, þ.e. ef sýn evrópska Seðlabankans reynist á rökum reist. Því má velta fyrir sér hvort frávikksspá seðlabankans sé ekki meira lýsandi fyrir verðbólguþróun næstu ára en grunnspá bankans.

Spá okkar og seðlabankans

Í nýjustu langtímaverðbólguspá greiningardeildar er gert ráð fyrir töluvert meiri verðbólgu næstu árin en spá seðlabankans gerir ráð fyrir. Ræður þar einna helst mismunandi sýn á fasteignamarkaðinn á Íslandi. Við gerum ráð fyrir 2-3% raunhækkun fasteignaverðs á næsta og þarnæsta ári, en á sama tíma spáir seðlabankinn því að fasteignaverð haldi í við verðlag. Ef frátalin eru áhrif af hækkandi húsnæðisverði eru spárnar þó ekki ósvipaðar ef við gefum okkur að húsnæðisverð haldi einungis verðgildi sínu á spátímabilinu (m.v. okkar verðbólguspá án húsnæðis). Munurinn kemur einna helst fram í lok spátímabilsins, en greiningardeild gerir ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar á sama tíma og seðlabankinn spáir lítillegri styrkingu krónunnar.

Enn sem komið er tekur langtímaspá greiningardeildar um verðbólgu hins vegar ekki mið af því hættuástandi sem hefur skapast í Evrópu. Lækkandi hrávöruverð mun óneitanlega lækka spá greiningardeildar í átt að frávikksspá seðlabankans ef fram fer sem horfir.



Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is